




FVSA

FÉLAG VERSLUNAR -
OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

FÉLAGSBLAÐ

1. TBL. 38. ÁRG. 2024



ORLOFSHÚS

ÚTHLUTUN

UMSÓKNARFRESTUR

ORLOFSSTYRKIR

KROSSGÁTA

FRÆÐSLA

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

Trúnaðarmaðurinn

Gunnar Hafsteinn Kristjánsson segir
frá Nordenskolan bls. 4

Breytingar á Illugastöðum

Paradís ljúfra orlofsminninga fær
andlitslyftingu bls. 6-7

Heilsueflandi styrkir

Breytingar á styrkjum úr
sjúkrasjóði bls. 10



VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

Félagsfólki er ávallt velkomið að fá aðstoð varðandi réttindi sín á skrifstofu félagsins.

Opnunartími á skrifstofu, Skipagötu 14, 3. hæð:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00 til 16:00

Föstudaga kl. 08:00 til 13:00



S: 455-1050



fvsa_stettarfelag



fvsa@fvsa.is



fvstettarfelag



www.fvsa.is

STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ

2024-2025

Stjórn félagsins

Eiður Stefánsson - FVSA

Claudia Lobindzus - Thula, Nordic Source

Hulda Björnsdóttir - Heimilistæki/Tölvulistinn

Halldór Óli Kjartansson - Markaðsstofa Norðurlands

Agnes Reykdal - BYKO

Varastjórn

Stefán Jónsson - Rafeyri

Bryndís Björk Barkardóttir - Enor

Jón Grétar Rögnvaldsson - Penninn

Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Helga Eymundsdóttir - Blikkrás

Kristín Hilmarsdóttir - Stapi

Lára Pálína Jónsdóttir - Olís við Tryggvabraut

Ragnar Már Heinesen - Icelandair

Signý Sigurðardóttir - Álnabær

Til vara

H. Heimir Geirdal Jónasson - Nettó Glerártorgi

Hjálmar Pálsson - Hnýfill

Guðrún J. Þorbjarnardóttir - Heimkaup

Amanda Liv Zachariassen - JYSK

Silja Dögg Birgisdóttir - ELKO

Trúnaðarráð til eins árs, valið af trúnaðarmönnum

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík

Elín Anna Guðmundsdóttir - VíS

Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira

Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur

Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti

Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil

Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi

Örn Viðar Birgisson - BYKO

Til vara

Eva Hrönn Arnardóttir - Sportver

Anna Kristín Árnadóttir - Norðlenska matborðið

Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur

Gunnar Hafsteinn Kristjánsson - Húsasmiðjan

Ábyrgðaraðili: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. **Ritstjórn og umbrot:** María Rut Dýrfjörð.

Forsíðumynd: Linda Ólafsdóttir; Skógræktin Siglufirði. **Prentun:** Prentmet Oddi. Birt með fyrirvara um ritvillur

NOKKUR ORÐ UM SAMTAKAMÁTT

Nú er liðinn riflega mánuður síðan kjarasamningur milli verslunar- og skrifstofufólks við Samtök atvinnulífsins var laus. Samningsaðilar hafa setið við samningaborðið nánast óslitið frá því að hann tók gildi fyrir rúmlega ári síðan, enda fylgdi honum sérstök viðræðuáætlun. Markmið áætlunarinnar var að leiða til lykta ýmis samningsatriði, lokahnykkurinn snéri að launaliðnum og lengd nýs samnings.

Þetta hljómar einfalt og þegar breiður hópur stéttarfélaganna innan ASÍ fór að samningaborðinu með hófstílltar launakröfur í farteskinu var von til þess að samningar myndu takast hratt og auðveldlega. Samtalið leiddi til niðurstöðu um launaliðinn og samningstímann sem sátt var með, en það sigldi í strand þegar Samtök atvinnulífsins höfnuðu kröfu stéttarfélaganna um forsenduákvæði verðbólgu og vaxta í fjögurra ára samningi. Launafólki á almennum markaði var ætlað að skuldbinda sig án varna eða leiða út.

Þegar þetta er ritað er nýr samningur ekki í sjónmáli og óvíst hvað verður. Ég lít hinsvegar svo á að samfélagsleg ábyrgð þarf að ná til allra, að það sé sameiginlegt verkefni að ná niður verðbólgu og vöxtum. Sanngirni þarf að gæta milli samningsaðila, samtakamáttur getur vel náð yfir samningaborðið og komið vel út fyrir alla hlutaðeigandi.

Á samningstímanum hef ég notið þeirrar gæfu að eiga gott bakland í félagsfólki, þeim sem gegna trúnaðarstörfum



fyrir félagið og samstarfsfólki mínu í samninganefndinni. Í gegnum tíðina hefur það verið eining og samtakamáttur þessa fólks, og forvera þeirra, sem hefur þokað réttindum og kjörum launafólks til betri vegar.

Það er von mín að sama hvað verður, samningur eða aðgerðir, að við komum fram sem eining, nýtum kosningarétt okkar og/eða tökum þátt í aðgerðum. Þannig erum við sterkust og náum við árangri.

Sjáumst í baráttunni!

Eiður Stefánsson, formaður FVSA og samninganefndar LÍV.

LEITAÐU TIL OKKAR

KJARAMÁL - STYRKIR OG SJÓÐIR - ORLOFSMÁL

ÞITT STÉTTARFÉLAG

Veistu í hvaða stéttarfélagi þú ert? Ef ekki þá getur þú skoðað launaseðilinn þinn og fundið það út. Heyrðu í okkur ef þú ert ekki viss!

STYRKIR

Félagsfólk getur sótt um eftirfarandi styrki hjá félaginu:

Starfsmenntasjóður: Þú getur fengið hluta af skóla- og námskeiðsgjöldum endurgreitt með því að sækja um styrk í Starfsmenntasjóð. Sjá nánar á vef félagsins.

Sjúkrasjóður: Sjúkrasjóður vinnur markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsfólks. Sjá nánar um styrki úr Sjúkrasjóði á bls. 10.

MUNDU EFTIR STARFS- MENNTASJÓÐNUM!

Dú getur sótt um styrk fyrir námi eða tómstund og fengið allt að 90% af kostnaði endurgreiddan

Kynntu þér málið inni á www.fvsa.is



FÍN ÁSKORUN AÐ GERAST TRÚNAÐARMAÐUR

Gunnar Hafsteinn Kristjánsson er trúnaðarmaður félagsfólks FVSA sem starfar hjá Húsasmiðjunni. Hann lýkur brátt samnorrænu námskeiði á vegum félagsins.

Gunnar er ungur og upprennandi verslunarmaður, fæddur og uppalinn á Akureyri til tíu ára aldurs. „Þá flutti fjölskyldan til Danmerkur, við bjuggum úti á landi og ég ólst upp þar. Ég gekk í sveitagrúnskóla þar til að hann lokaði og lauk síðasta árinu í öðrum skóla“ útskýrir Gunnar. Við tók menntaskóli, en Gunnar segist ekki hafa fundið sig í háskólanámi.

Fín áskorun að gefa kost á sér

Gunnar flutti aftur til Íslands fyrir tveimur árum, byrjaði að vinna í Húsasmiðjunni og kann ágætlega við sig þar. En hvernig kom það til að hann ákvað að gefa kost á sér sem trúnaðarmaður? „Jón Lárusson, sem var trúnaðarmaður á undan mér, var farinn að minnka við sig verkefnum og stakk upp á að ég myndi gefa kost á mér í hlutverkið.“ Var þetta auðveld ákvörðun eða krafðist það umhugsunar að gefa kost á sér? „Jón sagði að þetta væri áhugavert verkefni og mér finnst þetta fín áskorun, gaman að sjá hvert þetta myndi leiða.“ Hvernig hefur þér líkað hingað til? „Bara mjög vel, þetta er alls ekki íþyngjandi og samstarfsfólk mitt er heilt yfir ánægt, ef það hefur einhverjar spurningar hef ég svarað þeim eða vísað þeim áfram til félagsins“.

Ertu með einhverja fyrirmynd innan fjölskyldunnar eða í kringum þig sem er í verkalyðshreyfingunni? Gunnar segist ekki geta sagt það „en systir mín hefur sterkar skoðanir á mörgu í íslensku samfélagi. Umfram allt vildi ég prufa eitthvað nýtt þegar ég stökk á þetta“.



Mikill munur á hlutverki stéttarféлага milli landa

Gunnar var fulltrúi félagsins í Nordenskolan, sem lauk í síðustu viku áður en viðtalið var tekið. Nordenskolan er námskeið sem Nordic International Folk High School, NIFH, stendur fyrir árlega og er samstarfsverkefni norrænna verkalyðshreyfinga. Í náminu er fjallað um hið norræna velferðarmódel, möguleika þess og takmarkanir. Námið samanstendur af staðnámi og fjarnámi. Fyrsti hlutinn var kenndur í Finnlandi, þá tók við hópavinnu í fjarvinnu og að lokum hittust nemendur í Kaupmannahöfn í síðustu viku til þess að kynna niðurstöður.

Gunnar segist hafa hugsað „afhverju ekki“ þegar hann sótti um þátttöku „ég bjóst ekkert endilega við að komast að, en fannst þetta hljóma spennandi.“ Hvernig hefur reynslan verið? „Frábær, ég er búin að kynnast fullt af fólki, bæði Íslendingum og fólki frá öðrum Norðurlöndum. Hópurinn hristist fljótt saman fyrsta kvöldið og þetta er búið að vera mjög gaman.“ >



Mynd t.v.: Fulltrúar Íslands í Nordenskolan samankomin í Finnlandi. Mynd t.h. Gunnar ásamt samnemendum í hópavinnu.

Gunnar útskýrir að sósíaldemokratískur grunnur liggi að baki náminu „það er fjallað um stuðnings- og skattakerfi samfélagsins út frá félagslegum jöfnuði, farið yfir hvernig er staðið að þessu í hverju landi og hvað megi betur fara osfrv. Það sem kom mér mest á óvart var hve mikil eining reyndist innan hópsins, allir á sömu bylgjulengd í hugsun bæði varðandi verkalýðshreyfinguna og pólitik, mikill vilji til að gera vel og eiginlega ekkert um ágreining í samtalinu.”



Nemendur Nordenskolán 2023-2024

Nú eru lokadagar námskeiðsins framundan, ertu spenntur? „Já, við erum einmitt að fara halda kynningu á því efni sem við höfum unnið í hópavinnunni. Mesti lærdómurinn er að uppgötva hve mikill munur er á stéttarfélagspátttöku hér heima miðað við hvernig þetta er úti. Þetta var í raun nýtt fyrir mér þegar ég flutti aftur heim, þegar ég bjó úti þá voru einu kynni mín af stéttarfélögum í gegnum skólann og það var í raun bara í gegnum fríðindi sem félagið var að bjóða. Það voru einu kynni mín af stéttarfélagi áður en ég kom aftur til Íslands.”

Stéttarfélög skipta miklu máli

Þrátt fyrir að vera tiltölulega nýr í röðum verkalýðshreyfingarinnar hefur Gunnar verið duglegur að viðá að sér þekkingu og taka þátt í félagsstarfi FVSA. Blaðamanni leikur forvitni að vita hvort hann sjái fyrir sér að vera virkur í hreyfingunni í framtíðinni? „Já því ekki, það er góð tilhugsun að búa að stéttarfélögum og það er vel að þeim staðið hér. Það er líka góð tilhugsun að geta haft einhver áhrif og upplifa að maður sé að leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins” segir Gunnar að lokum.

AÐALFUNDUR FVSA

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var haldinn mánudaginn 26. febrúar í sal Lions í Alþýðuhúsinu. Fundarsókn var með ágætum, en alls mættu 40 manns. Fundarstjóri var Halldór Óli Kjartansson.

Formaður félagsins, Eiður Stefánsson, kynnti ársskýrslu félagsins. Hann tók fram hve ánægjulegt það hefði verið að sjá ný andlit og gamalreind leggja sig fram í störfum innan hreyfingarinnar á starfsárinu. Framkvæmdum og viðhaldi orlofshúsa voru gerð góð skil, enda umfangsmikið verkefni á liðnu ári. Eiður benti á að mikill metnaður sé hjá stjórn og trúnaðarráði að halda vel við bústöðum og íbúðum félagsins, enda hefur mælst mikil ánægja með orlofshúsin meðal félagsmanna.

Í framhaldi tóku við hefðbundin aðalfundarstörf. Hermann Brynjarsson, frá Enor, kynnti ársreikning félagsins sem var borinn upp til samþykktar ásamt ársskýrslu og voru hvoru tveggja samþykkt einróma. Claudia Lobindzus kynnti kosningar og Agnes Reykdal lýsti stjórnarkjöri. Aðrir dagskrárliðir voru í höndum fundarstjóra.

Í dagskrárlok óskaði formaður eftir orðinu og kynnti til leiks tvo félagsmenn; Guðmund Lárus Helgason og Júlíu



Guðmundur tekur við þakklætisvotti frá félaginu. Frá vinstri: Hulda Björnsdóttir, varaformaður FVSA, Guðmundur Lárus Helgason og Eiður Stefánsson, formaður. Júlía Poulsen var ekki viðstödd.

Gunnlaugsdóttur Poulsen, en þau hafa gegnt trúnaðarstörfum fyrir félagið í meira en 10 ár og láta nú af störfum sínum. Bæði hafa þau verið trúnaðarmenn og setið í trúnaðarráði, en Guðmundur hefur auk þess setið í stjórn Sjúkrasjóðs og verið skoðunarmaður reikninga hjá félaginu. Eiður þakkaði þeim fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Formaður sleit fundinum og lauk máli sínu á að þakka félagsfólki, stjórn, trúnaðarráði, trúnaðarmönnum og starfsfólki fyrir samstarfið á árinu.

PARADÍS LJÚFRA ORLOFSMINNINGA FÆR ANDLITSLYFTINGU

Mörg eiga góðar minningar um sumardvöl í Fnjóskadal, ýmist frá tjaldsvæði í Vaglaskógi eða einhverjum af þeim fjölmörgu sumarhúsum sem þrýða skógi vaxnar hlíðar dalsins beggja vegna. Innarlega stendur hin margrómaða orlofsbyggð Illugastaða sem samanstendur af orlofshúsum í eigu stéttarfélaga, sundlaug og þjónustumiðstöð.

Fyrstu orlofshúsin voru tekin í notkun á Illugastöðum árið 1968. Byggðin var reist með það að markmiði að veita launafólki kost á að njóta orlofsins að heiman og dvelja í nýju umhverfi, hvílast og njóta náttúrufegurðar án of mikils tilkostnaðar. Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni festi kaup á tveimur 48m² húsum í byggðinni á árunum 1973-1977. Húsin eru númer 2 og 12 og voru þau endurbyggð um aldamótin. Þriðja húsið í eigu félagsins, númer 19, var svo reist á grunni gömlu verslunarinnar á Illugastöðum árið 2003 og er á tveimur hæðum.

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að gera breytingar á húsum 2 og 12 að innan, bæta alla aðstöðu og gefa þeim andlitslyftingu. Skipulag húsanna var áður með þeim hætti



Efra svæði orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum.

að gengið var inn í andyri með baðherbergi á vinstri hönd, á hægri hönd kojuberbergi og því næst hjónaherbergi. Við tók alrýmið þar sem áður var fremst eldhús með eldhúsbordi, þá sjónvarpsaðstaða, útgengi á pallinn og loks krókur með svefnsofa. Húsin eru panelklædd að innan með hita í gólfum.



Efri mynd t.v.: hér sést gamla eldhúsinnréttingin, heldur lítið vinnu- og skáapláss. Neðri mynd t.v. nýja innréttingin í uppsetningu. Mynd til hægri: Hér er farið að koma mynd á eldhúsið sem er allt bjartara og rúmbetra.


Bjartari rými og nútímalegri aðbúnaður

Það er smíðafyrirtækið Kvistmenn sem á veg og vanda að framkvæmdinni en Ágúst Hafsteinsson, arkitekt hjá Form, teiknaði breytingarnar á húsunum ásamt innréttingum. Breytingunum er ætlað að betrubæta flæði í alrýminu auk þess sem bæði eldhús og baðherbergi stækka. Á móti fækkar gistiplássum úr átta í sex, þar sem búið er að færa eldhúsið í krókinn þar sem svefnsófinn var áður.

Með því að færa eldhúsið njóta gluggar hússins sín betur og varpa inn kærkominni birtu í rými þar sem gestir sinna matseld og sitja til borðs. Í nýju eldhúsinnréttingunni er auk þess margfallt meira bekk- og skáapláss og uppþvottavél. Sjónvarpsaðstaðan verður færð nær svefnherbergjunum og eldhúsbordið nær svalarhurðinni. Með breytingunni flæðir útiaðstaðan á pallinum betur við eldhúsið þar sem styttra er að færa veitingar á milli, hvort sem grillað er að vetri eða snætt úti að sumri.

Meðal áskorana var að færa vegg innar í alrýmið til þess að stækka baðherbergið og nýta þann panel sem var tekinn niður til þess að klæða vegginn þar sem eldhúsið stóð áður. Hjónarúmin voru svo breikkuð úr 140cm í 160cm. Betri Fagmenn voru fengnir til að heilmála bústaðina að innan í hlýjum ljósum lit sem léttir á öllu. Verklok verða fyrir páska.

Vel hefur tekist til með breytingunum, sem gerir dvöl gesta vonandi ánægjulegri og næsta vísit að áfram verða góðar minningar skapaðar í þessari orlofsparadis.



Nýja grunnteikningin.



Hér í horninu mun eldhúsbordið standa.



Mynd t.v.: Kojuherbergið að verða klárt, aðeins eftir að skipta um gólfefni. Litlar myndir t.h.: hér sést glögglega hve bjartari rýmin eru eftir heilmálan. Parket verður lagt á öll gólf utan baherbergis og forstofu sem verða flísalögð.

FÉLAGSFÓLK Á FÖRNUM VEGI

Blaðamaður tók tal af nokkrum félagsmönnum og kannaði áhuga þeirra og þekkingu á kjaramálum. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir að gefa sér tíma til að svara spurningunum.

Berglind Ása Pedersen

ILVA

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, félagið veitir allskonar styrki, getur verið fyrir einhverju sem mann vantar t.d. nuddi og líka námsstyrkur, svo hef ég nýtt mér orlofshúsin.



Eru kjaramál rædd í þínum vinarhóp eða innan fjölskyldunnar?

Aðeins innan vinarhópsins, vinkonur mínar ræða þetta oft. Þetta er minna rætt innan fjölskyldunnar.

Fylgist þú með gangi kjarasamningsviðræðna?

Nei, ég hef ekki gert það.

Hefur þú tekið eftir áhrifum vöruverðs og vaxtabreytinga í heimilisbókhaldinu á síðastliðnum 12 mánuðum?

Já, aðallega matvöruverð.

Elísabet Ásmundsdóttir

Olís

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, ég hef skoðað síðuna, við erum með sérstakan bensín-kjarasamning. Svo hef ég nýtt mér orlofshús og námsstyrki.



Eru kjaramál rædd í þínum vinarhóp eða innan fjölskyldunnar?

Nei, ekki þannig.

Fylgist þú með gangi kjarasamningsviðræðna?

Ekki nógu vel, ég væri til í að fylgjast betur með.

Hefur þú tekið eftir áhrifum vöruverðs og vaxtabreytinga í heimilisbókhaldinu á síðastliðnum 12 mánuðum?

Já, það er allt frekar hátt, maður er ekki að fá launahækkun í samræmi við hækkanir á matvöruverði og lánahækkunum.

Þórarinn Ingi Halldórsson

JYSK

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Nei, ég hef ekki kynnt mér það.

Eru kjaramál rædd í þínum vinarhóp eða innan fjölskyldunnar?

Nei, ekki sértsaklega.

Fylgist þú með gangi kjarasamningsviðræðna?

Nei, bara að það eru viðræður í gangi.

Hefur þú tekið eftir áhrifum vöruverðs og vaxtabreytinga í heimilisbókhaldinu á síðastliðnum 12 mánuðum?

Ó já, maturinn er búinn að þrefaldast. Ég á ekki húsnæði, en kærastan mín var að kaupa hús nýlega svo við eigum örugglega eftir að finna fyrir því.

Brynjar Gauti Schiöth

Straumurás

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já ég hef nýtt mér vefinn, flett upp launatöxktum og skoðað hvað ég get fengið niðurgreitt. Ég tók meiraprófið fyrir þremur árum síðan og hafði þá ekki nýtt sjóðinn í þrjú ár og fékk uppsafnaðann styrk upp í kostnað, 390.000 kr. Ég hef líka gist á Illugastöðum.

Eru kjaramál rædd í þínum vinarhóp eða innan fjölskyldunnar?

Ég get ekki sagt það, við ræðum meira um hásingar og afturdrif, eða sko bíla. En maður vill samt auðvitað hafa þetta í lagi.

Fylgist þú með gangi kjarasamningsviðræðna?

Nei, ég hef ekki gert það.

Hefur þú tekið eftir áhrifum vöruverðs og vaxtabreytinga í heimilisbókhaldinu á síðastliðnum 12 mánuðum?

Já, maður skýst í búðina og það var alltaf 7.000 kr., en núna er það er meira 11.000 kr. þannig að maður finnur fyrir því.



VERÐLAUNAKROSSGÁTA



		1-25 Málsháttur						
		1	2	3	4	5	6	
	Gripur Snögst Gegn		Ljósleit Tímamáliv	Töp Kayra	Handleggj Stræti		7	
			10				8	
	Aflið Reiðar					4	9	
				Vardandi	6		10	
	Mjög reiðu Glæta						11	
BB	↓	Heit Korn	↓ Frosk-menn Drykkur	Rjáfur Leik-taki	8	Verkur Risa	Silfur Treina	12
			7					13
	Skróltir					Riðla Tanginn		14
	Takka óþekkt		17			18	Falml Brot úr hafis	15
	Sjokk			20	stúlka ýlfra		9	Flæða skrár
	Ósvifin Karl-fugli	1				Atvinna Máli-eining		16
	↳		12	Raski Frá		11	Napurt Ná-skylda	17
	Ekki þessa				Fiskur Fugli		22	Vaxa í augum Fáskipti
	13		Y	Íþróttafélag	21	Morgun Fléttuðu		19
	→							20
	Fáein Lærði	15		Leggja fæða	5	Form Færa Sönnurá	Ræfi Ræðning	
	Heimshluti	↳		↳			3	Sigræði
	Akvæða fyrirfram Miðdur					Sætta sig við Sár	24	Att Síðan
	↳		svifid Kind			16	Næða Námsgræða	23
	Stygga				Núningur Alft			2
	Þang							25
	↳		14	Kletta Galdra-kerling				
								25

Reitir 1-25 mynda málshátt. Sendið lausn gátunnar, ásamt nafni og símanúmeri á netfangið fvsa@fvsa.is eða með pósti til FVSA, Skipagötu 14, 600 Akureyri, merkt „Krossgáta“. Skilafrestur er til og með 8. apríl nk. Dregið verður úr réttum lausnum og hljóta tveir heppnir þátttakendur helgardvöl að vetri til í einu af orlofshúsum félagsins. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

BREYTINGAR Á STYRKJUM ÚR SJÚKRASJÓÐI

Við vekjum athygli félagsfólks á breytingum á styrkjum úr sjúkrasjóði sem tóku gildi núna um áramótin:

- Styrkur fyrir sálfræðiþjónustu hækkar úr 37.000 kr. í 100.000 kr. á þrepi eitt og úr 15.000 kr. í 40.000 kr. á þrepi tvö á hverju almanaksári.
- Sjúkraþjálfun og sjúkranudd mun nú falla undir sama flokk. Styrkt er um 60% af reikningi, hámark 70.000 kr. á þrepi eitt og 40.000 kr. á þrepi tvö á hverju almanaksári.
- Nýtt: Styrkur fyrir dvöl á Heilsustofnuninni í Hveragerði. Styrkt er um 100.000 kr. á þrepi eitt og 40.000 kr. á þrepi tvö á þriggja ára fresti.

Réttur félagsfólks endurnýjast um hver áramót, sjá nánar inni á vef félagsins www.fvsa.is undir *Sjóðir og styrkir*.

HVERNIG SÆKI ÉG UM?

Til að sækja um styrk vegna heilsuefningar s.s. fyrir líkamsrækt, sjúkraþjálfun, sálfræðiþjónustu eða heyrnatækjum getur þú annaðhvort:

- Komið með kvittun fyrir þjónustunni ásamt staðfestingu á greiðslu á skrifstofu félagsins eða;
- Tekið mynd eða skannað inn kvittun fyrir þjónustunni ásamt staðfestingu á greiðslu og sent á netfang félagsins fvsa@fvsa.is

Heyrðu í okkur ef þú hefur einhverjar spurningar!

Yfirlit yfir styrki úr Sjúkrasjóði 2024	Hlutfall af reikningi	Þrep 1*	Þrep 2*
Sjúkraþjálfun og/eða sjúkranudd	60%	70.000 kr.	40.000 kr.
Krabbameinsleit	85%	11.000 kr.	5.000 kr.
Líkamsrækt	50%	32.000 kr.	20.000 kr.
Sálfræðiþjónusta	50%	100.000 kr.	40.000 kr.
Hnykk	35%	26.000 kr.	10.000 kr.
Nudd	35%	16.000 kr.	5.000 kr.
Heyrnartæki**	35%	70.000 kr.	12.000 kr.
Sjóngleraugu og/eða linsur**	35%	60.000 kr.	12.000 kr.
Glasa-/tæknifrjövungun	50%	70.000 kr.	33.000 kr.
Laseraðgerð eða augasteinsskipti**	35%	70.000 kr.	33.000 kr.
Heilsustofnunin í Hveragerði**		100.000 kr.	40.000 kr.
Hámark heildarupphæðar styrkja á hverju almanaksári		120.000 kr.	40.000 kr.

* Á þrepi eitt eru þeir félagsmenn sem hafa meðallaun sem eru jafnhá eða hæri en byrjunarlaun afgreiðslufólks í 100% starfi yfir 12 mánaða tímabil. Á þrepi tvö eru þeir félagsmenn sem greitt hafa að lágmarki 8.400 kr. upp að lágmarki réttinda á þrepi 1 á síðastliðnum 12 mánuðum.

**Á þriggja ára fresti

KURTEISI KOSTAR EKKI NEITT!
TAKTU HANA MEÐ Í NÆSTU VERSLUNARFERÐ



LEIKHÚSBOD

Þann 16. mars býður FVSA lífeyrisþegum félagsins á leiksýninguna Sex í sama rúmi í uppsetningu Leikfélags Dalvíkurbyggðar í leikhúsinu Ungó á Dalvík. Á eftir sýningunni verður boðið upp á kaffihlaðborð á kaffihúsinu Gísli, Eiríkur, Helgi.

Leikverkið Sex í sama rúmi er dæmigerður misskilningsfarsi sem fjallar um tvenn hjón. Eiginmennirnir reka saman bókaútgáfu, annar þeirra er kviklyndur í hjónabandinu og er kominn með nýtt viðhald. Kona hans veit að hann er henni ótrúur og ákveður gjalda honum í sömu mynt. Það stefnir í óefni þar sem öll hafa mælt sér mót á sama stað; í bókaútgáfunni. Í söguþráðinn blandast au-pair stúlka hinna hjónana og ástmaður hennar. Hvað gæti farið úrskeiðis?

Um takmarkað sætaframboð er að ræða, því þurfa félagsmenn að skrá sig með því að hringja í síma 455-1050 eða senda póst á fvsa@fvsa.is. Hámark tveir miðar á hvern félagsmann. Farið verður með rútu frá Alþýðuhúsinu kl. 13:00, mæting kl. 12:45.



ORLOFSMIÐAR OFL.

Á skrifstofu félagsins getur félagsfólk keypt niðurgreidda gistimiða hjá Íslandshótelum og inneignarbréf hjá Icelandair, svokallaða orlofsmiða.

- Hver félagsmaður getur að hámarki keypt samtals fjóra orlofsmiða á hverju almanaksári
- Tveir orlofspunktur dragast af félagsmanni við kaup á hverjum orlofsmiða
- Sala orlofsmiða fer fram á skrifstofu FVSA

Félagsmenn eiga einnig kost á því að kaupa Veiðikortið og Útilegukortið á skrifstofu félagsins.



Veiðikortið

Félagsmenn geta keypt Veiðikortið á skrifstofu félagsins á 7.900 kr. og gildir það á 36 stöðum á landinu. Sjá nánar inni á www.veidikortid.is.



Gistimiðar fyrir Íslandshótel

Hver gistimiði kostar 16.900 kr. og gildir fyrir gistingu fyrir tvo ásamt morgunverð á þriggja stjörnu hótélum frá október til apríl. Aukagjald greiðist fyrir uppfærslu á fjögurra stjörnu hótél og aðrar bókunarvertíðir.



Inneignarbréf hjá Icelandair

Félagsmenn geta keypt inneignarbréf hjá Icelandair að upphæð 10.000 kr., en greiða einungis 6.000 kr. fyrir.



Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á skrifstofu félagsins á 23.900 kr. og gildir það á 30 tjaldsvæðum. Sjá nánar inni á www.utilegukortid.is



HVAÐ LIGGUR ÞÉR Á HJARTA?

Ertu með fyrirspurn eða ábendingu? Sendu okkur þá póst á netfangið fvsa@fvsa.is eða skilaboð í gegnum facebook síðuna okkar: facebook.com/fvsastettarfelag

ÉG FER Í FRÍÐ

Umsóknarfrestur um orlofshús fyrir sumarleigu 2024 er til 25. mars nk. Sótt er um á félagavefnum. Sumarleigutímabilið er frá 5. júní til 16. ágúst 2024, en umsækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamótin mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða fyrir leiguna í síðasta lagi 10. apríl 2024. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2024 og vetrarleigu 2024 til maíloka 2025 á félagavefnum þann 16. apríl kl. 18:30 (nánar auglýst síðar).

Vika að eigin vali

Félagsmenn sem sjá sér ekki fært að nýta orlofshús félagsins geta sótt um svokallaðan orlofsstyrk eða Viku að eigin vali. Styrknum er ætlað að mæta kostnaði félagsmanns við gistingu- og/eða ferðakostnað (flug-, ferju-, rútu- eða lestar-kostnað). Upphæð styrksins er 27.000 kr. Orlofsstyrkjum er úthlutað samhliða orlofshúsum, sótt er um í gegnum félagavefnum og er umsóknarfrestur til 25. mars.

Gæludýr

Almennt er stranglega bannað að hafa gæludýr í orlofshúsum félagsins, ein undantekning er þar á, en gæludýr eru leyfð í Gráhrauni á Húsafelli.

GÓÐIR PUNKTAR

- Sótt er um orlofshús og Viku að eigin vali á félagavefnum. Innskráningar-hnappur fyrir félagavefnum er efst til hægri á vef félagsins www.fvsa.is
- Við minnum félagsmenn á að skrá netfang sitt inni á félagavefnum undir Stillingar > Notendaupplýsingar
- Niðurstaða sumarúthlutunar er send á skráð netfang félagsmanns
- Allar nánari upplýsingar um orlofshúsin eru inni á www.fvsa.is undir **Orlofsmál**
- Félagsmenn geta óskað eftir aðstoð við bókanir með því að hafa samband í síma 455-1050 eða með því að senda póst á fvsa@fvsa.is
- Orlofshús félagsins eru reyklaus
- Notendur rafmagnshleðslustöðva við orlofshús félagsins þurfa að taka með eigin hleðslukapal

SKÓGARSEL

VAGLASKÓGUR - FNJÓSKADAL

Glæsilegt 153m² sumarhús á skemmtilegum stað við bakka Fnjóskár í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi með gistiþláss fyrir 11 manns, rúmgóð setustofa, sjónvarpshol, fullbúið eldhús með samliggjandi borðstofu, þvottaherbergi og tvö baðherbergi með sturtu, þar af er annað með aðgengi út á verönd þar sem er heitur pottur.

Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél. Umhverfis húsið er stór afgirtur garður með barnaleiktækjum.

Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna þaðan sem tilvalið er að fara í dagsferðir, t.d. á Húsavík, í Mývatnssveit eða um Vaglaskóg. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.



Verð: 57.000 kr. vikan.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16:00 á miðvikudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 5. júní til 14. ágúst.

ÍBÚÐIR Í MÁNATÚNI REYKJAVÍK

Félagið á sex íbúðir í Mánatúni í Reykjavík. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar með rúmgóðri stofu, vel útbúið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu, þvottahús með þvottavél og þurrkara og stæði í bílakjallara.

Tvær tveggja herbergja íbúðir - 33.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir tvo. Í annarri íbúðinni er auk þess tvíbreitt veggrúm í stofu.

Drjár þriggja herbergja íbúðir - 38.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir alls sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herbergja íbúð - 43.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.

Athugið: Ekki er hægt að leigja lín. Taka þarf með sér lín á rúm og handklæði. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum. Nettenging er í öllum íbúðunum.



HLEÐSLU-
STÖÐ

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumar-tímam, skiptidagar eru á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17:00 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13:00 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 5. júní til 14. ágúst.

GRÁHRAUN 3 HÚSAFELL - VESTURLAND

Gráhraun stendur í nýju hverfi í Húsafellsskógi. Um er að ræða nýbyggt vistvænt 88m² sumarhús, auk 20m² gestahúss, með frábæru útsýni og gístaðsæði alls fyrir 8 manns.

Komið er inn í anddyri undir skyggni, þaðan er gengið inn til hægri í opið eldhús og stofu með mikilli lofthæð og stórum gluggum með stórbrotnu útsýni. Svefnálma er til vinstri með tveimur svefnherbergjum, sjónvarpsherbergi með svefnsófa og glæsilegu baðherbergi með útgengi á stóra verönd með heitum potti. Við veröndina stendur gestahús með salerni og sturtu, fullkomið afdrep fyrir afa og ömmur, vínafólk eða unglingana.

Leyfilegt er að hafa gæludýr í Gráhrauni og hvetjum við gesti til þess að kynna sér skilmála inni á vef félagsins. Hverfið er í Húsafellsskógi og tengt við núverandi Húsafellsbyggð með stígum þar sem sækja má tilheyrandi þjónustu og afþreyingu umhverfis Húsafell.



HLEÐSLU-
STÖÐ

GÆLUDÝR
LEYFD

Verð: 47.000 kr. vikan.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16:00 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 7. júní til 16. ágúst.

ILLUGASTAÐIR - HÚS NR. 2 OG 19 FNJÓSKADAL

Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur á Norðurlandi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Félagið er með tvö hús í sumarhúsabyggingdinni á Illugastöðum í Fnjóskadal yfir sumartímann. Við húsin er heitur pottur og gasgrill. Sængur, koddar og tuskur fylgja húsunum en taka þarf með sér lín eða leigja það hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun. Þráðlaust net er í húsunum og myndlykill frá Vodafone.

Hús nr. 19 - 36.000 kr. vikan. Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsofa í stofu og rúmi í borðstofu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu.

Hús nr. 2 - 32.000 kr. vikan. Nýuppgerð hús á einni hæð með svefnrými fyrir sex manns.



Leigutímabil: Sumarleiga frá 7. júní til 16. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 16:00 á föstudögum. Dvalargestir þurfa að afhenda húsin eigi síðar en kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

MIDHÚSASKÓGUR BLÁSKÓGABYGGÐ - SUÐURLAND

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55m² með þremur svefnherbergjum og gistiþlássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsið.

Margt er við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi byggðarinnar, t.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, ærslabelgur, frísí-golf, aparóla, boltavellir o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Húsinu fylgja hefðbundin eldhúsahöld, borðbúnaður, grill og uppþvottavél. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél.

Verð: 42.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 7. júní til 16. ágúst.



Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17:00 á föstudögum. Dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

FLÓKALUNDUR Í VATNSFIRÐI BARÐASTRÖND - VESTFJÖRÐUM

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar t.d. dagsferðir, gönguferðir, fjöruferðir og margt fleira. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gistiplássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti sem er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúsabyggðinni.

Verð: 34.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 14. júní til 16. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16:00 á föstudögum og brottför er í síðasta lagi kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.



EINARSSTAÐIR Á HÉRAÐI AUSTURLAND

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði. Leikvellir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu, tvær golfkylfur og kúlur fylgja hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölastaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Húsið er númer 7 og er nýlega uppgert 45 m² hús. Í því eru tvö svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir fimm manns. Í öðru herberginu er tvíbreitt rúm og rúm yfir, en í hinu tvíbreitt rúm. Setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja hefðbundin eldhúsahöld, borðbúnaður og grill. Barnarúm, stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni.



Verð: 42.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 14. júní til 16. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16:00 og 19:00 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma þau í síðasta lagi kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

TÍMI ER VERÐMÆTI!

SKOÐAR ÞÚ LAUNASEÐILINN ÞINN?



HVAÐ ER HVADÐ?

Þekkir þú muninn á dagvinnu og eftirvinnu?


Hvað er desemberuppbót?

Færð þú orlofið þitt greitt út eða færðu launað orlof?



TÍMINN ÞINN!

Skráðu niður vinnutímana þína, þannig getur þú farið yfir launaseðilinn þinn um hver mánaðamót.



REIKNADU!

Með því að fara reglulega yfir launaseðilinn áttu auðveldara með að koma auga á ef eitthvað vantar upp á. Það borgar sig að fylgjast vel með!

Þú finnur allar helstu upplýsingar um kjarasamninga og launataxta inni á

www.fvsa.is